

að greiða stefnendum  $\frac{1}{2}$  þeirrar fjárhæðar, kr. 17.760.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1956 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn eftir atvikum kr. 2200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

#### Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnendum, Kjartani og Ingimar Ingimarssonum, kr. 17.760.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og kr. 2200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 27. maí 1960.

Nr. 30/1960. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson hrl.)  
 gegn  
**Hermanni Sigurðssyni** (Sigurður Ólason hrl.).  
 Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ölvun við akstur bifreiðar. Rangur framburður.

#### Dómur Hæstaréttar.

Þorgeir Þorsteinsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í dóminum, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið ævilangt.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert við málsmeðferð í héraði, að vitni hafa ekki verið heitfest samkvæmt 100. gr. laga nr. 21/1951.

## Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að ákærði er sviptur leyfi til að aka bifreið ævi-langt.

Ákærði, Hermann Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 11. nóvember 1959.**

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 24. september síðastliðinn, er höfðað með ákæruskjali, útgefnu í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins 2. marz 1959, gegn Hermanní Sigurðssyni blikksmið, Kalmanstjörn í Hafnahreppi, fyrir að hafa gerzt sekur um hegningar-, áfengis- og umferðarlagabrot samkvæmt 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, og til vara samkvæmt 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, með því að hafa, í fyrsta lagi, sunnudaginn 17. ágúst 1958, um kl. 02.10, ekið bifreiðinni R 4415 eftir vegum á Keflavíkurflugvelli með áfengisáhrifum, og í öðru lagi, mánudaginn 18. ágúst fengið Jón Halldór Borgarsson, Jaðri í Hafnahreppi, til að bera rangt fyrir rétti, að hann, Jón, hafi ekið bifreið ákærða, R 4415, frá flugvallarhliðinu heim til ákærða sunnudagskvöldið 16. ágúst 1958.

Ákæríst því nefndur Hermann Sigurðsson til þess að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, 45. gr. áfengislaga og 80. gr. umferðarlaga, til sviptingar kosningarréttar og kjörgengis samkvæmt 68. gr. hegningarlaga, ökuleyfissviptingar samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 4. ágúst 1959, ákæríst hann fyrir ölvun við akstur bifreiðar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga og 2. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Þykir ákærði hafa orðið brotlegur við téð lagaákvæði klukkan

rúmlega 02, aðfaranótt sunnudagsins 17. ágúst 1958, með því að aka bifreiðinni R 4415 frá aðalhliði Keflavíkurflugvallar og heim til sín að Kalmanstjörn í Höfnum, þó hann væri undir áhrifum áfengis.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengisлага og 2. sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga, svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 27. maí 1923 í Reykjavík, og hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

Í Reykjavík:

1940 14/5 Áminning fyrir ógætilegar hjólreiðar.

1941 29/4 Sátt, 5 kr. sekt fyrir ljósleysi reiðhjóls.

1944 29/8 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 108. gr. almennra hegningarlaga.

1945 5/4 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1946 7/6 Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1954 13/7 Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.

Í Hafnarfirði:

1955 8/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

Á Keflavíkurflugvelli:

1955 27/10 Sátt, 600 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1957 14/1 Sátt, 400 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1959 16/1 Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 17. ágúst 1958, laust eftir miðnætti, hringdi ákærði til lögreglunnar í aðalhliði Keflavíkurflugvallar, en hann var þá staddur í svonefndu „Contractors“-hverfi á flugvallarsvæðinu, og bað lögregluna um, að hann yrði sóttur og að honum væri ekið heim til sín í bifreið sinni, þar eð hann væri með áhrifum áfengis. Varð lögreglan strax við beiðni ákærða, og sóttu lög-  
reglumenn hann og bifreið hans, R 4415, og óku honum til aðalhliðs flugvallarins. Er þangað kom, var þar mikið um að vera, og reyndist lögreglumönnum ekki kleift að halda áfram för sinni með ákærða að sinni. Varðstjóri tjáði því ákærða, að hann skyldi bíða í aðalhliðinu, þar til um hægðist, en þá yrði honum strax ekið heim. Leið nú allöng stund, meðan lögreglumenn á verði voru að sinna aðkallandi skyldustörfum, og af þeim sökum var aðeins einn íslenzkur lögreglumaður á verði í aðalhliðinu um tíma.

Um kl. 0210 vék hann sér úr varðskúr aðalhliðsins, þar sem ákærði dvaldist, og yfir í skálabyggingu handan götunnar. Hafði lögreglumaðurinn þar skamma viðvöl, en er hann kom út í varðskúrinn aftur, var ákærði horfinn þaðan, en lögreglumaðurinn sá á eftir bifreið hans, þar sem henni var ekið brott áleiðis eftir veginum suður í Hafnir. Lögreglumaðurinn hafði enga bifreið tiltæka til að veita bifreið ákærða eftirför samstundis, en strax og lögreglubifreið kom til aðalhliðsins, var brugðið við skjótt og ekið heim til ákærða í Höfnum, en bifreið hans stóð þá mannlús fyrir utan heimili hans. Lögreglumenn kvöddu þar dyra, en urðu frá að hverfa, þar eð enginn anzaði kvaðningu þeirra.

Þar eð Kristján Pétursson lögregluvarðstjóri, er var fyrir lögregluvaktinni í umrætt skipti, taldi, að ákærði hefði tvímælalaust verið undir áhrifum áfengis, kærði hann framangreint atferli ákærða til lögreglustjóra, og hófst réttarrannsókn í máli þessu mánudaginn 18. ágúst 1958.

Fyrir rétti þann dag skýrði ákærði svo frá, að er tíminn leið, án þess að lögreglumenn sinntu því að aka honum heim úr aðalhliðinu, hafi honum tekið að leiðast biðin og hafi hann því ákveðið að hringja í leigubifreið til að aka sér heim.

Er hann hafði tekið þessa ákvörðun, segir hann, að Jón Borgarsson úr Höfnum hafi komið til aðalhliðsins í leigubifreið á leið heim til sín, og hafi hann þá beðið greindan Jón að aka sér heim í bifreið sinni, þ. e. ákærða. Ákærði kvaðst ekki hafa látið lögregluna vita um brottför sína úr aðalhliðinu, þar eð enginn lögreglumaður hafi þá verið þar til staðar, eins og að framan getur. Hann segir, að Jón hafi síðan ekið sem leið liggur heim til ákærða, skilið bifreiðina þar eftir og haldið síðan gangandi heim til sín.

Greindur Jón Borgarsson mætti síðan fyrir rétti sama dag og staðfesti framburð ákærða hér að lútandi að öllu leyti. Hann færðist þó undan að vinna eið eða drengskaparheit að framburði sínum.

Enn fremur kom fyrir rétt Þórarinn Brynjólfsson leigubifreiðarstjóri. Hann skýrði svo frá, að hann hefði umrætt kvöld tekið upp í bifreið sína í Keflavík mann nokkurn, sem hafði beðið vitnið að aka sér til Hafna. Er þeir komu á móts við aðalhlið flugvallarins, hafi maður þessi beðið vitnið að stanza og jafnframt tjáð vitninu, að hann hefði komið auga á bifreið kunningja síns í aðalhliðinu. Maður þessi greiddi síðan ökugjaldið og yfirgaf leigu-

bifreiðina. Vitnið vissi engin deili á manni þessum, en segir, að er hér var komið, hafi klukkan verið milli 0130 og 0230.

Hinn 21. ágúst 1958 gaf Jón Borgarsson skýrslu til Kristjáns Péturssonar lögregluvarðstjóra, þar sem hann skýrði svo frá, að framburður hans fyrir rétti hinn 18. sama mánaðar hafi verið markleysa ein. Var greindur Jón nú kvaddur fyrir rétt á ný hinn 22. sama mánaðar, og skýrði hann þá svo frá, að er hann hafi komið til vinnu sinnar á Keflavíkurlflugvelli mánudaginn 18. ágúst, hafi ákærði skýrt honum frá vandræðum þeim, sem hann hefði ratað í aðfaranótt undanfarandi sunnudags, og hafi þeir farið að ræða um, hvernig helzt væri hægt að bjarga ákærða út úr þeim ógöngum.

Hafi þeir orðið ásáttir um, að Jón skyldi bera fyrir rétti, eins og fram kom í fyrri framburði hans og ákærða. Hins vegar tók Jón fram, að ákærði hafi ekki sérlega talið sig á að gefa hina röngu réttarskýrslu, heldur hafi þeir rætt þetta saman, og hafi hann, Jón, viljað gera sitt til að hjálpa ákærða út úr vandræðum hans, enda hafi hann ekki gert sér grein fyrir, hve alvarlegt spor hann væri að stíga með hinum ranga framburði sínum. Hið rétta í máli þessu sagði Jón vera, að hann hafi dvalizt heima hjá sér, frá því kl. ca 20 á laugardagskvöldi þann 16. ágúst og þar til fram á næsta dag.

Ákærði var nú kvaddur fyrir rétt á ný og kynntur seinni framburður Jóns Borgarssonar, sem ákærði staðfesti sem réttan.

Skýrði ákærði nú svo frá, að hann hefði sjálfur ekið bifreið sinni frá aðalhlíði flugvallarins og heim til sín í umrætt skipti. Hann kvaðst hafa verið ölvður greint laugardagskvöld, en ekki bragðað áfengi eftir kl. 2130. Kveðst hann hafa verið orðinn „edru“ um kl. 02, er hann hóf aksturinn, og ekki kveðst hann að heldur hafa verið timbraður við greindan akstur, heldur miklu fremur þreyttur eftir erfiða vinnuviku.

Ákærði kvað sér hafa verið kunnugt samkvæmt frásögn margnefnds Jóns Borgarssonar, að hann hygðist ætla að breyta framburði sínum hér að lútandi í rétta átt.

Vitnið Earl Calvin Hahn herlögreglumaður var á verði í aðalhlíðinu umrædda nótt. Það kveðst hafa séð, er ákærði steig upp í bifreið sína og ók af stað áleiðis suður Hafnaveg. Vitnið kveður ákærða hafa verið með greinilegum áfengisáhrifum, er hann yfirgaf aðalhlíðið, hann hafi verið reikull í spori, þvöglumæltur og sterka áfengislykt hafi lagt frá vitum hans. Vitnið Marvin

Dennis Feil herlögreglumaður var og á verði í aðalhliðinu í umrætt skipti. Það segir, að ákærði hafi verið með áberandi áfengisáhrifum, er lögreglan kom með hann til aðalhliðsins umrætt kvöld, og að slík áhrif hafi verið greinileg í fari hans, í þann mund er hann ók af stað úr aðalhliðinu í bifreið sinni. Vitnið lýsir ummerkjum áfengisáhrifa ákærða þannig, að hann hafi verið óstyrkur í hreyfingum, augu hans hafi verið vot og rauð og að sterka áfengislykt hafi lagt frá vitum hans. Bæði framangreind vitni bera, að komið hafi verið með ákærða til aðalhliðsins milli kl. 00 og 0030 umrædda nótt.

Vitnið Lárus Kristján Pétursson lögregluvarðstjóri var á verði í aðalhliðinu, er ákærði yfirgaf það í umrætt skipti. Vitnið segir, að ákærði hafi verið áberandi drukkinn, um það bil sem hann yfirgaf aðalhliðið í umrætt skipti. Hann hafi verið reikull í spori, ör í fasi, þvöglumæltur, augu hans hafi verið blóðskotin og magna áfengislykt hafi lagt frá vitum hans.

Gunnar Albertsson lögreglumaður, er flutti ákærða til aðalhliðsins, hefur borið, að kveikjulyklar að bifreið ákærða muni hafa staðið í kveikjulásnum, meðan bifreiðin var geymd í aðalhliðinu.

Með ákæruskjali, útgefnu í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins hinn 2. marz 1959, var mál höfðað gegn Jóni Borgarssyni fyrir brot gegn 1. mgr. 152. gr. almennra hegningarlaga. Var honum skipaður verjandi samkvæmt ósk hans, og leitaði verjandinn til ráðuneytisins um að fá ákæru frestað gegn skjólstaðingi hans. Féllst ráðuneytið á þá málaleitan. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 5. maí 1959, var dómaramum tilkynnt, að ákæru gegn Jóni Borgarssyni fyrir framangreint brot hafi verið frestað í 2 ár, frá 18. ágúst 1958 að telja.

Af því sem nú er rakið, með eigin framburði ákærða og framburði Jóns Borgarssonar og stutt af öðrum gögnum málsins telur rétturinn fullsannað, að ákærði hafi mánudaginn 18. ágúst 1958 stuðlað að því, að Jón Borgarsson, Jaðri í Hafnahreppi, bæri rangt fyrir sakadómj Keflavíkurflugvallar, á þá leið, að nefndur Jón hefði ekið bifreið ákærða, R 4415, frá aðalhliði Keflavíkurflugvallar og að Kalmanstjörn í Hafnahreppi aðfaranótt sunnudagsins 17. ágúst 1958.

Telur rétturinn, að enda þótt nefndur Jón hafi af sjálfsdáðum tekið hinn ranga framburð sinn aftur, hafi hlutdeildarbrot ákærða í hinum ranga framburði verið fullframið, og hafi hann með

greindu atferli sínu gerzt brotlegur við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Með framburði vitnanna Lárusar Kristjáns Péturssonar, Earls Calvins Hahn og Marvins Dennis Feil og þrátt fyrir staðhæfingu ákærða, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar R 4415 frá aðalhliði Keflavíkurflugvallar og til Kalmanstjarnar í Hafnahreppi aðfaranótt 17. ágúst 1958, og stutt af hegðun ákærða við rannsókn máls þessa, telur rétturinn framkomnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum við framangreindan akstur og með því hafi hann gerzt brotlegur við 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Þykir refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, 45. gr. áfengislaga og 80. gr. umferðarlaga og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Þá ber samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga að svipta ákærða kosningarrétti og og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 1. mgr. almennra hegningarlaga, 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 10 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00.

Dráttur sá, er orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af því, að dómari sá, er um það fjallaði í byrjun, var erlendis um alllangt skeið, eftir að mál var höfðað, og enn fremur, að málið var sent dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar, eftir að málshöfðun utanríkisráðuneytisins hófst, sem gaf út framhaldsákæruskjal hinn 4. ágúst s.l.

Enn fremur hefur dráttur orðið á dómsuppkvaðningu vegna mikilla anna dómans.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hermann Sigurðsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Hann skal frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Frá sama tíma skal hann sviptur ökuréttindum í 10 mánuði.

Hann skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 3000.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1960.

Nr. 74/1960. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

**Guðmundi Karlssyni** (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ölvun við akstur bifreiðar.

### Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða er í héraðsdómi rétt fært til refsíákvæða. Þykir refsing honum til handa hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

### Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Karlsson, sæti varðhaldi 10 daga. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu réttinda og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningulaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Gústafs Ólafssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Ísafjarðar 23. febrúar 1960.

Ár 1960, þriðjudaginn 23. febrúar, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafs-